

## Dönsk menning og íslensk.

23.2.25

Bók Axels heitins Olriks prófessors, Nordisk Aandsliv i Vikingetid og tidlig Middelalder má víst telja með fegurstu ávöxtum danskrar menningar. Hæst nær bókin í þessum orðum (S. 81): Íslendinge-sagaen — naade kunstnerisk — tildels ogsaa videnskabelig — til Højder som Menneskeaaanden kun sjælden naar: Íslendingasögur náðu sem listaverk, og að nokkru leyti einnig sem vísindaverk, hæðum sem mannsandinn nær aðeins sjaldan. Það er eitthvað annað þetta en að segja, eins og áður hafði verið gert, að sögurnar hafi nálega samið sig sjálfar. Íslenskt snildarvit (Geni) er þarna viðurkent, En sjálfir höfðu Íslendingar ekki áttað sig á þessu eins og þurfti, og verið svo vanþakklátir höfundumum, að þeim þótti ekki taka því, að láta nöfn þeirra fylgja sögunum.

Olrik ritar sjerstaklega fróðlega um Egils sögu, en þó tel jeg víst, að sú saga sje sannari en hann hyggur. Og náttúrlega veit Olrik ekki að Egils saga er eftir Snorra Sturluson. En það má vita þetta með jafnmikilli vissu og Snorri hefði oss sjálfur sagt. Jeg hefi

vandlega rannsakað rithátt Snorra, fundið hin sjerstöku ein-kenni á máli hans, borið nákvæmlega saman málið á Heimskringlu og Egils sögu, og jeg segi það alveg hiklaust, að þær bækur eru eftir sama höfund. Um íslensku Snorra Sturlusonar er dálítill kaflí í Nýal, og enn mun jeg rita nokkuð um sama efni síðar. Virðist mjer það undarlegt, að enginn íslenskur málfraðingur skuli hafa einu orði á þetta minst, því að hjer ræðir þó um efni, sem hefir ekkert litla þýðingu fyrir skilning vorn á sögunum. Væl jeg ekki leyna því, að mjer þykir hjer kenna Þorvaldarskapar nokkurs, og verða mikil og góð umskifti fyrir mjer, þegar jeg þarf ekki slíkt að reyna af Íslendingum frammar. En jeg hefi svo mikið álit á mönnum, að jeg hygg að svo muni verða. Fer nú að verða auðveldara fyrir menn að átta sig; hinn fyrsti fyrirlestur um kenningar mínar, hefir þegar verið fluttur í einni af höfuðborgum jarðarinnar (9. janúar), og verður ekki hinn síðasti. Þarf nú ekki að því að spyrja, hvort nál mitt muni hafast fram, heldur aðeins að hinu, hvenær þetta muni verða.

## II.

Eitt af því, sem mjer þykir eftirtektarverðast um þessa bók próf. Olriks, er að hann hefir ekki veitt eftirtekt því höfuðat-riði, að danska vorra tíma er ekki dótturmál hinnar fornu dönsku tungu. Ef vjer viljum vita hvernig á þessu stendur, þá þur-um vjer ekki annað en virða fyrir oss yfirstjettina dönsku. Hún er að miklu leyti af útlendum ætt-um. Útlendingar og útlend áhrif hafa að miklu leyti skapað nú-tíðarmálið danska. Um Noreg er líkt að segja, og jafnvel um Svi-þjóð, en þó tæpast eins freklega. Hjer ræðir um mál, sem tekur mjög til vor Íslendinga. Því að það er svo mikilsverður þáttur í voru þjóðlega hlutverki að stuðla að því, að ráðin verði bót á þeim vandræðum, sem af því stafa, að Norðurlandabúar hafa gleymt máli ágætra forfeðra, en mikill

híuti landslýðsins þó ekki lært til fulls hið meir en hálfútlenda nýa mál. Og vjer verðum að vinna að því samtaka, að á Norð- urlöndum verði talið sjálfsgætt að hver maður sem nokkra ~~skóla~~ mentun hlýtur, geti lesið hið forna mál. Íslenskar bókmentir komast ekki í það horf sem vera þarf, fyr en Íslenska er lesin alstaðar á Norðurlöndum. Og bók- mentir frændþjóða vorra ekki heldur, þó að margt sje þar vel nú þegar. Norðurlönd fá ekki sinn rjetta svip gagnvart heim- inum, og hinir stórkostlegu haf- leikar vorra ágætu frændþjóða, koma ekki að fullum notum í framsókn mannkynsins, fyr en menn uppgötva þar, betur en enn er orðið, það gagn sem þeir geta haft af Íslendingum.

Helgi Pjeturss.

1161. 28. 2. 1925